Framkvæmda-stjóri

Félagsheimilið Herðubreið Seyðisfirði óskar að ráða framkvæmdastjóra.
Starfið er fólgið í rekstri félagsheimilis, hótels og kvikmyndahúss.
Húsnæði á staðnum.
Skriflegar umsóknir sendist til stjórnar félagsheimilis Herðubreiðar, Seyðisfirði.

Allar nánari uppl. gefur **Bjarni B. Halldórsson** símar **97-2290** og **97-2270.**

PERMANENT
KRULLAÐ HÁR ER TÍZKAN Í ÁR




ATH. OPIÐ LAUGARDAGA
HÁRGREIÐSLUSTOFAN VALHÖLL
ÓÐINSGÖTU 2 — SÍMI 22138

Enn getur þú eignast hlut í banka!



Nýtt 300 millj. kr. hlutafjárútboð. Öllum gefinn kostur á að eignast hlut. Aðeins 50 millj. óseldar. Hlutabréfin eru að fjárhæð 10 þús. 50 þús. 100 þús. kr.
Helmingur greiðist við áskrift en eftirstöðvar innan árs. Upplýsingar og áskriftarlistar í aðalbanka, útibúum og kaupfélögum um land allt. Enn er tækifæri til að vera með.



Áskriftarseðill

Kr.
Nafn
Nafnnr.
Heimili ☐ greiðsla fylgir
Staður ☐ óskast innheimt

Samvinnubankinn
Bankastræti 7, Reykjavík sími 20700

Gunnar Örn að Kjarvalsstöðum

Konur og portrett

Gunnar Örn Gunnarsson hefur nú kvatt sér hljóðs með stórri sýningu að Kjarvalsstöðum, en síðast sýndi Gunnar í sölum Norræna hússins í febrúar 1976.

Sýning þessi mun vera sú níunda í röðinni af sýningum Gunnars frá því er hann fyrst kom fram á sjónarsviðið 1970 og verður því ekki annað sagt um Gunnar Örn en að hann ástundi málverk sitt af elju og vinnugleði.

Gunnar er sjálfmenntaður í listinni og byggir því á reynslunni einni, sem reynst hefur mörgum haldgóður lærimeistari, ef henni er samfara sjálfsagi og þekkingarþorsti, en vissulega hlýtur mikið af dýrmætum tíma að fara í að afla sér upp á eigin spýtur þekkingar um efni og tæknileg atriði sem miðlað er af í listaskólum.

Líta má á sýninguna að Kjarvalsstöðum sem eðlilegt framhald myndgerðar þeirrar sem Gunnar Örn sýndi í Norræna húsinu í fyrra, sjálft inntak verkanna hefur ekki breyst í meginatriðum. Sem fyrr er það mannslíkaminn sem heillar listamanninn og virðist hann hafa þarna fundið myndefni sem hann hefur ásett sér að kryfja til mergjar. Mörgum þykir kannski listamaðurinn hafa þarna sniðið sér allþröngan stakk hvað myndefnisval snertir, en er nokkuð myndefni jafn-síbreytilegt og heillandi og eins líklegt til að ýta við og vekja upp tilfinningar áhorfandans og það sem hann sjálfur á?

Það er einkar athyglisvert að bera verk Gunnars Arnar saman við myndir danans Tom Krestesen sem nýlega sýndi í Norræna húsinu. Þar gaf einnig að líta limlest og ýkt form mannslíkamans en grunntónninn og boðskapurinn var þar allur annar.

Tom Krestesen notar líkamlegt ofbeldi böðla gegn fórnarlömbum til að ná fram samhygð áhorfandans og gerir til hans kröfu um afdráttarlausa afstöðu. Gunnar Örn gerir kvenmannslíkamann, sem er honum svo hugleikið myndefni, að þema sýningarinnar. Um hann yrkir hann fjölmörg stef vegna þess að konan gleður auga hans og vegna þess að hún er.

Á sýningunni í fyrra bar óvenjumikið á holdi flettum líkömum sem slengt var framan í áhorfendur með sterkum áherslum forms og lita. Gunnar Örn mundaði sköfublaðið með þykkum bleikrauðum holdlit af miklum krafti og byggði upp



Gunnar Örn Gunnarsson: Sjálfsmynd.

Myndlist



Hrafnhildur Schram

ótvíræða spennu á myndfletinum. Hér er aftur á móti að finna meiri yfirvegun og rósemi sem afhjúpa nýjar og óvæntar hliðar málarans. Litfletirnir eru hér heilli og útlínur þeirra afmarkaðri en áður, formbyggingin hnitmiðaðri eins og sjá má í Draumur nr. 15 og hækkaður litatónn setur munaðarfyllri blæ á myndina. Hér örlar líka fyrir tilhneigingu til abstraktari myndbyggingar, en hefur mátt sjá hjá Gunnari Erni fram að þessu. Í mynd nr. 26, Eldmóður, hefur hann skorið líkamann niður í það nær óþekkjanlega og litsett í sterkum og hvellum litum og notar hann hér sem undirstöðu fyrir nýja litræna hugsun.

Bakgrunnur myndanna, sem oft er uppbyggður af geometrískum einingum og ákveðnum láréttum og lóðréttum línum, styrkir myndbygginguna til muna og heldur í skefjum hvelfdum og bjúgum línum kvenlíkamans.

Portrett eru annar þáttur sýningarinnar. Eiginlega eru þetta svipmyndir sem hafa birst listamanninum, afi og amma listamannsins eru hinir einu eiginlegu fyrirsátar, auk þess sem þarna má sjá sérstæða sjálfsmynd málarans.

Biskup X er ákaflega sterk persónulýsing, einnig er Súsanna komin úr baði og tveir senatorar (tilbrigði við mynd Kjarvals?) skemmtilegur samruni þeirra tveggja myndgerða



sem Gunnar sýnir hér. Það yrði of langt mál að telja upp fleiri athyglisverðar myndir en þegar á heildina er litið má segja að Gunnar Örn hafi, þótt ungur sé að árum, skapað sér nokkra sérstöðu meðal yngri listamanna fyrir kraft þann og listræna útgeislun sem bestu myndir hans búa yfir.

Hrafnhildur Schram

Allir sem búa í fjölbýlishúsum kannast við þetta VANDAMÁL...



Vandinn er leystur með sjálfvirkri sorptunnufærslu!

STÁLTÆKI sf. — Sími 27510